

Hátíðar- guðspjónustur

LAUGARDAGUR 23. DESEMBER 2017



MYND/VILHELM

Þögnin boðar helgan jólafrið

Allt frá árinu 1930 hafa klukkur Dómkirkjunnar í Reykjavík hringt inn jólin í útvarpi allra landsmanna þegar klukkan slær sex á aðfangadagskvöld. Himneskur klukknahtljómurinn er forleikur að aftansöng í útvarpinu sem þjóðin bíður eftir. Þá eru jólin sannarlega komin og hátíð ríkir í bæ. ➔2

Tilfinningar verða mjög sterkar og geðshræring gripur um sig þegar kirkjuklukkurnar í útvarpinu hringja inn jólin. Margir finna til söknuðar og ég hef heyrt í fólki utan úr heimi sem finnur til mikillar heimþrár þegar þessi stund rennur upp og þrá þá ekkert heitar en að vera heima á Íslandi en ekki í útlöndum," segir Jónatan Garðarsson, dagskrárritstjóri Rásar 1 á RÚV.

Jónatan er að tala um aftansöng í útvarpinu á aðfangadagskvöld, sem er órjúfanlegur hluti af jólahaldi Íslendinga.

„Aftansöngurinn er hluti af þjóðarsálinni og þeirri stemningu að tilheyra þjóð og finna samhug hennar. Fyrir mörgum er það svo að þegar klukkur Dómkirkjunnar hringja inn jólin í útvarpinu eru jólin loks komin og sannlega hægt að segja gleðilega hátíð," segir Jónatan.

Andakt á undan aftansöng

Útvarpið hóf útsendingar 20. desember 1930 og strax á aðfangadag sama ár var fyrst útvarpað frá aftansöng í Dómkirkjunni. Er aftansöngurinn eini dagskrárliðurinn sem haldist hefur óbreyttur á dagskrá Útvarps frá stofnárinu 1930, fyrir utan fréttir og veðurfréttir.

„Fimmtán mínútna þögn er í Útvarpinu áður en aftansöngurinn hefst og er sú þögn samkvæmt

mælingum einn af þeim dagskrárliðum í útvarpi sem mest er hlustað á á landsvísu. Fólk er þá með kveikt á útvarpinu og bíður þess að kirkjuklukkurnar klingi og aftansöngur hefjist klukkan sex. Þögnin er hugsuð sem andakt í þögn og snýst um að fá kyrrðina sem fylgir komu jólanna, ekki ósvipað því sem er viðhaft í útförum þar sem fimm mínútna þögn ríkir áður en athöfn hefst," útskýrir Jónatan.

Aftansöngur í útvarpinu er helgi-

stund fyrir alla, hvar sem þeir eru staddir, með Guðs orði, jólaguðspjallinu og jólasálmum.

„Það er venja hjá velflestum Íslendingum að jólin komi með aftansöng í útvarpinu," segir Jónatan. „Mjög margir Íslendingar í útlöndum stilla á Rás 1 á þessum sama tíma og skiptir þá engu hvað klukkan er hjá þeim. Þeir vilja bara upplifa stemninguna sem fylgir því að hlusta á klukkur Dómkirkjunnar í Reykjavík klingja og útvarps-



HVERAGERÐIS- PRESTAKALL JÓL OG ÁRAMÓT 2017

Helgistund

Kotstrandarkirkja 24. desember
kl. 13:00

Fríðarloginn frá Betlehem borinn í kirkju og garð.

Tónlist og almennur söngur

Aftansöngur

Hveragerðiskirkja 24. desember
kl. 18:00

Hátíðarguðsþjónusta

Kotstrandarkirkja 25. desember
kl. 14:00

Aftansöngur

Hveragerðiskirkja 31. desember
kl. 17:00

Hátíðasöngvar

sr. Bjarna Þorsteinssonar fluttir við aftansöngva og í hátíðarguðsþjónustu af Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna undir stjórn Miklóasar Dalmy.

Pórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Þulinn segja „Útvarp Reykjavík, Útvarp Reykjavík, gleðileg jól.“

Aftansöngurinn er samofinn jólahaldi flestra núlifandi Íslendinga allt frá barnæsku.

„Þetta er mjög hátíðleg stund, þar sem fólk er þrúðbúið og tilbúið að taka á móti jólinum. Þógnin í útvarpinu er látin vera í loftinu en um leið og klukkurnar byrja að klingja vita allir að jólin eru komin, fallast í faðma og óska gleðilegra jóla.“

Hefð okkar Íslendinga

Í árdaga útvarps var lítið um útvarpsefni utan fréttar, en Landsímahúsið og Dómkirkjan stóðu nálægt hvort öðru og var stundum útvarpað frá útförum með beinni línu á milli húsa.

„Það var einfalt og þægilegt og því var auðvelt að útvarpa aftansöngnum líka. Hann varð fljótt að mjög sterkri hefð meðal landsmanna, eins og guðsþjónustan á sunnudögum, sem er önnur sterk og gömul hefð. Þjóðin kunnir vel að meta þessa þjónustu sem þótti eðlileg fyrir þá sem ekki komust að heiman eða voru fastir í vinnu, því margar starfsstéttir vinna á jölum og komast ekki til kirkju, sem og sjúklingar og aldraðir,“ segir Jónatan.

Mælingar á hlustun sýna að nánast allir sem kveikt hafa á útvarpi á aðfangadag hlusta á aftansönginn. „Aftansöngurinn er hefð okkar



Jónatan Garðarsson er dagskráritstjóri Rásar 1 á RÚV. MYND/EYÞÓR

Íslendinga og sér ekki fyrir endann á henni þótt komið hafi til umræðu að breyta þessu. Það sama á við um sunnudagsmessuna, en allt tal um að leggja hana af hefur alltaf mætt sterkum mótbyr þeirra sem hlusta og það er merkilega stór hópur,“ segir Jónatan.

Dómkirkjuprestarnir sjá oftast um aftansönginn og í ár verða það séra Sveinn Valgeirsson og

séra Karl Sigurbjörnsson í Dómkirkjunni. Á jóladag klukkan 11 sér séra Bjarni Þór Bjarnason um jólamessu frá Seltjarnarneskirkju og á annan í jólum klukkan 11 verður útvarpað frá messu í Grafarvogskirkju undir predikun Örnú Ýrar Sigurðardóttur. Á gamlárskvöld verður messað samkvæmt venju frá Hallgrímskirkju undir predikun séra Sigurðar Árna Þórðarsonar og

» Nánast allir sem kveikt hafa á útvarpi hlusta á aftansönginn.

Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar og á nýársdag klukkan 11 predikar frá Agnes M. Sigurðardóttir frá Dómkirkjunni í Reykjavík og séra Sveinn Valgeirsson þjónar.



ÁSKIRKJA

HELGIHALD Í ÁSKIRKJU UM JÓL OG ÁRAMÓT

Aðfangadag, jóla, 24. des.:

Aftansöngur kl. 18.

Hátíðasöngvar

séra Bjarna Þorsteinssonar.

Jóladagur, 25. des.:

Hátíðarguðsþjónusta á Skjólí kl. 13.

Hátíðarguðsþjónusta í Áskirkju kl. 14.

Hátíðasöngvar séra

Bjarna Þorsteinssonar.

Föstudagur 29. des.

Jólaguðsþjónusta á Dalbraut 27 kl. 13.

Gamlárskvöld, 31. des.:

Aftansöngur kl. 18.

Hátíðasöngvar

séra Bjarna Þorsteinssonar.

Föstudagur 5. jan. 2018

Guðsþjónusta í Norðurbrún 1 kl. 14.

Sunnudagur 7. jan.

Messa kl. 11.

Sunnudagur 14. jan.

Messa og sunnudagaskóli kl. 11.



Helgihald í Langholtskirkju um jól og áramót

Aðfangadagur

- aftansöngur jóla kl. 18

Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir

sóknarprestur þjónar.

Kór Langholtskirkju leiðir sönginn

ásamt eldri félögum undir stjórn

Magnúsar Ragnarssonar organista.

Jóna G. Kolbrúnardóttir söngkona

syngur einsöng.

Jóladagur

- **sálmur og textar jólanna kl. 14**

Komið og syngjum saman uppáhalds jólasálmanna leidd af

Kór Langholtskirkju og eldri félögum

undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar organista.

Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir

sóknarprestur þjónar.

Annar í jólum

- **fjölskyldumessa kl. 14**

Sr. Jóhanna Gísladóttir

æskulýðsprestur þjónar. Kór

Langholtskirkju leiðir sönginn ásamt

eldri félögum undir stjórn Magnúsar

Ragnarssonar organista.

Organisti Magnús Ragnarsson.

Gamlársdagur - guðsþjónusta

kl. 16 - Athugið breyttan tíma.

Sr. Jóhanna Gísladóttir

æskulýðsprestur þjónar. Kór

Langholtskirkju leiðir sönginn ásamt

eldri félögum undir stjórn Magnúsar

Ragnarssonar organista.

Allar nánari upplýsingar um

helgihald og safnaðarstarf er að

finna á heimasíðu kirkjunnar

www.langholtskirkja.is



Víðistaðakirkja

HELGIHALD Í VÍÐISTAÐAKIRKJU UM JÓL OG ÁRAMÓT

Aftansöngur

Aðfangadag kl. 17:00

Kór Víðistaðasóknar syngur undir

stjórn Helgu Þórdísar Guðmunds-

dóttur.

Einsöngur: Elmar Gilbertsson tenór.

Hljóðfæraleikur: Hrafnhildur Marta

Guðmundsdóttir fiðla og

Guðbjartur Hákonarson selló.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson

sóknarprestur

Miðnæturguðsþjónusta

Aðfangadag kl. 23:30

Einsöngur: Guðbjörg Tryggvadóttir

sópran

Hljóðfæraleikur: Antonía Hevesi

Prestur: Sr. Hulda Hrónn Helga-

dóttir héraðsprestur

Hátíðarguðsþjónusta

Jóladag kl. 14:00

Kór Víðistaðasóknar syngur undir

stjórn Helgu Þórdísar Guðmunds-

dóttur.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson

sóknarprestur

Helgistund

Gamlársdag kl. 17:00

Kór Víðistaðasóknar syngur undir

stjórn Helgu Þórdísar Guðmunds-

dóttur.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson

sóknarprestur



HELGIHALD Í DÓMKIRKJUNI UM JÓL OG ÁRAMÓT

Aðfangadagur 24. desember

Dönsk messa kl. 15:00,

séra Þórhallur Heimisson

Aftansöngur kl. 18:00,

Séra Sveinn Valgeirsson predikar

og séra Hjálmar Jónnson þjónar.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30

sr. Karl Sigurbjörnsson biskup og

Hamrahlíðarkórinn undir stjórn

Þorgerðar Ingólfssdóttur. Organisti er

Guðný Einarsdóttir.

Jóladagur 25. desember

Messa kl. 11:00

Biskup Íslands

Agnes M. Sigurðardóttir predikar,

séra Sveinn Valgeirsson þjónar.

Dagbjört Andrésdóttir syngur

einsöng. Dómkórinn, Kári Þormar.

Annar í jólum 26. desember

Messa kl. 11:00

sr. Sveinn Valgeirsson predikar,

kór Menntaskólans í Reykjavík og

organisti Kári Þormar.

Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur kl. 18:00

sr. Sveinn Valgeirsson predikar.

Nýársdagur kl. 11

Biskup Íslands

Agnes M. Sigurðardóttir predikar

og séra Sveinn Valgeirsson þjónar.

Dómkórinn og Kári Þormar.



HELGIHALD Í DIGRANESKIRKJU UM JÓL OG ÁRAMÓT

Aðfangadagur jóla 24. des.

Jólagleði í Digranesirkirkju kl. 15:00.

Fjölskyldustund undir stjórn

Mariú Magnúsdóttur. Prestur

sr. Magnús Björn Björnsson.

Aftansöngur kl. 18:00. Hátíðartón

sr. Bjarna Þorsteinssonar. Organ-

isti Sólveig Sigríður Einarsdóttir.

Einsöngvari Einar Clausen.

Prestur sr. Gunnar Sigurjónsson.

Jóladagur 25. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.

Hátíðartón

sr. Bjarna Þorsteinssonar. Organ-

isti Sólveig Sigríður Einarsdóttir.

Einsöngvari

Una Dóra Þorbjörnsdóttir.

Sr. Magnús Björn Björnsson

& sr. Gunnar Sigurjónsson.

Föstudagur 29. desember

Jólastund eldri borgara í Hjallda og

Digraneskórinn í Digranesirkirkju

kl. 14:00.

Söngvini, kór eldri borgara í

Kópavogi syngur. Kórstjóri og

organisti Bjartur Logi Guðnason.

Gamlársdagur 31. des.

Aftansöngur kl. 16:00.

Ath. breyttan tíma.

Kammerkór Digranesirkirkju.

Einsöngvarar: Marteinn Snævarr

Sigurðsson & Ásdís Arnalds.

Organisti

Sólveig Sigríður Einarsdóttir.

sr. Gunnar Sigurjónsson &

sr. Magnús Björn Björnsson.

JÓLATÓNLISTAHÁTÍÐ 2017 Í HALLGRÍMSKIRKJU

HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT



LAUGARDAGINN 30. DES. KL. 16.30 - (AUKATÓNLEIKAR)
GAMLÁRSDAGUR 31. DES. KL. 16.30 - (ATH BREYTTAN TÍMA)


Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur.

Trompetleikararnir Eiríkur Örn Pálsson, Einar St. Jónsson og Baldvin Oddsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir J.S. Bach, Albinoni, o fl. barokkmeistara.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félagar koma öllum í áramótaskapið!

Vegna gríðarlegra vinsælda er nú gerð tilraun með að bæta við tónleikum 30. des.

Aðgangseyrir: 4.500/ 4000 kr. -50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.



GUÐÞJÓNUSTUR Í GRAFARVOGSKIRKJU Á AÐVENTU, JÓLUM OG UM ÁRAMÓT 2017 – 2018



**Kirkjuselið í Spöng –
Aftansöngur kl. 18.00**
Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Vox Populi leiðir söng
Einsöngur: Margrét Eir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

**Miðnætturguðsþjónusta
kl. 23.30**
Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason
Kammerkór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta í kirkjunni kl. 14.00
og á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 15:30
Prestur:
séra Grétar Halldór Gunnarsson
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng
Einsöngur: Dísella Lárusdóttir
Organisti: Hákon Leifsson

Aðfangadagur jóla

Beðið eftir jólnum
Barnastund kl. 15.00
Umsjón hefur:
Þóra Björg Sigurðardóttir
Jólasögur og jólasöngvar

Aftansöngur kl. 18.00

Prestur:
séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Kór Grafarvogskirkju og
Barnakór Grafarvogskirkju syngja
Einsöngur: Egill Ólafsson
Fiðla: Auður Hafsteinsdóttir
Harpa: Sophie Marie Schoonjans
Organisti: Hákon Leifsson
Stjórnandi barnakórs:
Sigríður Soffía Hafliðadóttir

Aftansöngnum verður sjónvarpað beint
á Stöð2 og visir.is

Annar í jólum

Jólastund við jötuna kl. 11.00
Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Vox Populi og Barnakór
Grafarvogskirkju leiða söng
Stjórnandi: Sigríður Soffía Hafliðadóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Útvarpað verður frá guðsþjónustunni
á Rás 1

Gamlársdagur

Aftansöngur kl. 18.00
Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng
Einsöngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú)
Organisti: Hákon Leifsson

Nýársdagur 2018

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00
Prestur:
séra Grétar Halldór Gunnarsson
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng
Einsöngur: Björg Þórhallsdóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Valdefling virkar

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í erfiðum aðstæðum neyðaraðstoð til skamms tíma. Um efnislega aðstoð er að ræða sem er fyrst og fremst veitt með inneignarkortum í matvöruverslunum og við lyfjakaup.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að veita fólki í erfiðum aðstæðum neyðaraðstoð til skamms tíma. Um efnislega aðstoð er að ræða sem er fyrst og fremst veitt með inneignarkortum í matvöruverslunum og við lyfjakaup,“ segir Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. „Við viljum tryggja velferð barna og hlúum því sérstaklega að barnafjölskyldum. Til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun veitum við efnislega aðstoð vegna skólagöngu barna og ungmenna sem og vegna íþrótt- og tómstundastarfs þeirra.“

Þegar félagsráðgjafar Hjálparstarfsins taka á móti fólki í viðtal skrá þeir niður félagslega stöðu þess en gæta að sjálfsgöngu fulls trúnaðar, segir Bjarni. „Við greiningu gagna sem þannig verða til kemur í ljós að sá hópur fólks sem leitar mest og í lengstan tíma til Hjálparstarfsins er oft fastur í vitahring fátæktar og félagslegrar einangrunar.“

Reynslan hefur kennt ráðgjöfunum að neyðaraðstoðin sé nauðsynleg en að um leið dugi hún




Bergþóra Njálisdóttir, Dúfa Einarsdóttir og Ragnhildur Guðmundsdóttir sjálfboðaliðar að störfum. Þær eru í hópi 20 sjálfboðaliða Hjálparstarfsins í viku hverri við að flokka fatnað og aðstoða fólk sem eftir honum kemur.

skammt ein og sér. „Þeir segja að til þess að fólk geti rofið vitahring fátæktar og félagslegrar einangrunar sé valdefling það sem virki, hún sé raunveruleg hjálp til sjálfshjálpar.“

Bjarni segir allt starf Hjálparstarfs kirkjunnar taka mið af þeirri sýn, að þegar fólk finni hvers það er megnugt liði því betur andlega og félagslega og geti tekið frekari þátt í samfélaginu á eigin forsendum. „Félagsráðgjafarnir okkar hafa í síauknum mæli lagt áherslu á verkefni sem eru undirbúin í samráði við

fólkið sem tekur þátt í þeim. Með því að sníða verkefnið að þörfum og óskum þátttakendanna er mun líklegra að þau leiði til raunverulegs árangurs og breytinga í lífi fólks.“

Í verkefnum hjálparstarfsins innan lands og utan er starfað í grasrótinni og nálgunin sú sama, að sögn Bjarna. „Neyðaraðstoð til skemmri tíma og valdefling til sjálfbærrar tilveru þeirra sem unnið er með. Við þökkum öllum kærlega fyrir að taka þátt í starfinu með okkur, framlög ykkar gera það mögulegt.“



JÓL OG ÁRAMÓT Í HALLGRÍMSKIRKJU ALLIR VELKOMNIR

24. desember. Aðfangadagur jóla

Aftansöngur kl. 18.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson og
Inga Harðardóttir.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Barna- og unglíngakór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Ása Valgerður Sigurðardóttir.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

Miðnætturguðsþjónusta á jölanótt kl. 23.30

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.
Schola cantorum syngur.
Forsöngur: Guðmundur Vignir Karlsson.
Einsöngur: Hildigunnur Einarsdóttir.
Organisti: Hörður Áskelsson.

25. desember. Jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.
Messuþjónar.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

26. desember. Annar í jólum

Vonarlestrar og jólasöngvar kl. 14.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson.
Messuþjónar.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Organisti: Hörður Áskelsson.

27. desember

Morgunmessa – altarisganga kl. 8.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson.
Messuþjónar.

30. desember

Hátíðarhljómar við áramót kl. 16.30

31. desember. Gamlársdagur

Ensk messa kl. 14.00
Sr. Bjarni Þór Bjarnason.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

Hátíðarhljómar við áramót kl. 16.30

Aftansöngur kl. 18.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar
fyrir altari ásamt sr. Immu Sjöfn Óskarsdóttur.
Messuþjónar.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Einsöngvari: Elmar Gilbertsson.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

1. janúar. Nýársdagur

Hátíðarmessa kl. 14.00
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar
fyrir altari ásamt sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni.
Messuþjónar.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

Prestar safnaðarins sjá um helgihald
á Droplaugarstöðum og Vitatorgi.



HALLGRÍMSKIRKJA

www.hallgrimskirkja.is